

Mánudaginn 5. marz 1962.

Nr. 169/1961. **Hafsilfur h/f**

gegn

Sighvati Snæbjörnssyni og gagnsök

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Leitað umsagnar Læknaráðs.

Úrskurður Hæstaréttar.

Hinn 18. september 1959 mat Páll Sigurðsson, þáverandi tryggingayfirlæknir, örorku gagnáfrýjanda 10% frá 1. september s. á., svo sem í héraðsdómi greinir.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný læknisgögn.

1. Skýrsla dr. med. Snorra Hallgrímssonar yfirlæknis um skoðun á gagnáfrýjanda 5. febrúar 1962.

2. Álitserð Páls Sigurðssonar, fyrrverandi tryggingayfirlæknis, dags. 18. febrúar 1962, þar sem hann telur varanlega örorku gagnáfrýjanda, eins og nú horfi, hæfilega metna 15% frá 1. janúar 1962.

Af hendi aðaláfrýjanda er mótmælt hinu nýja örorkumati, og hafa aðiljar krafizt þess, að um það verði fengin umsögn Læknaráðs Íslands. Þykir verða að taka þá kröfu til greina, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té framangreinda umsögn.